

Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	SAGA 2FR05. Mannkynssaga frá upphafi til byltinga
Kennari:	Dr. David Hidalgo Rodríguez
Önn:	Haust 2023
Áætlun unnin:	Águst -Desember 2023

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim þáttum Íslandssögunnar sem mest hafa haft áhrif á líf nútíma Íslendingins
- mótun þjóðar
- helstu hugtökum og persónum sem koma við sögu
- mikilvægi gagnrýnnar hugsunar
- mismunandi tegundum heimilda

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- geta aflað sér mismunandi heimilda um viðfangsefnið
- meta frumheimildir og eftirheimildir
- nota heimildir til þess að miðla sögulegu efni á fjölbreyttan og skapandi hátt
- meta gildi og áreiðanleika heimilda
- vinna sjálfstætt og með öðrum að verkefnum

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- miðlað sögulegum fróðleik á áhugaverðan og fjölbreyttan hátt
- geta beitt gagnrýnni hugsun á markvissan hátt
- geta metið samtímaatburði í sögulegu ljósi

geta unnið með öðrum að sameiginlegu markmiði	
sem metið er með:	<i>Sí- og leiðsagnarmat</i>

Námsefni:	Allt námsefni útvegað af kennara / efni kennarans Íslandssaga frá upphafi byggðar til samtímans er viðfangsefni áfangans. Tímabil og þemu sem verða sérstaklega athuguð eru eftirfarandi: landnám, miðaldir, nútíminn verður til. Áhersla er lögð á að nemendur fái gott yfirlit yfir sögu Íslands og geri sér grein fyrir tengslum fortíðar og nútíðar.	
Námsmat:		
Þetta er símatsáfangi sem byggir á leiðsagnarmati og jafningamati.		
Verkefnaeinkunn (%):		
Tímaverkefni 1. Lesa og taka upp.	5%	
Tímaverkefni 2. Lesa og kynna. Upptaka.	10%	
Tímaverkefni 3. Valverkefni	10%	
Tímaverkefni 4. Könnun um læsi.	10%	
Tímaverkefni 5. Verkefni úr “Uppruni nútímans” Kennslubók í Íslandssögu eftir 1830 (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson)	10%	
Tímaverkefni 6. Verkefni úr “Uppruni nútímans” Kennslubók í Íslandssögu eftir 1830 (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson)	5%	
Tímaverkefni 7. Verkefni úr “Uppruni nútímans” Kennslubók í Íslandssögu eftir 1830 (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson)	5%	

Tímaverkefni 8. Upptaka „Saga eldri borgara“	10%
Tímaverkefni 9. Rannsókn	10%
Tímaverkefni 10. Ritgerð	10%
Nemendaferðir (til Reykjavíkur) 15%	Nemendaferð 1: Þjóðminjasafn Íslands/ Landbókasafn Íslands / Árbæjarsafn - Borgar- sögusafn Reykjavíkur (7,5%) Nemendaferð 2: Kvikmyndasafn Íslands. Listasafn Íslands (eða Ljósmyndasafn Reykjavíkur). Heimsókn í fyrirtæki (Prentsmiðja)

Skipulag náms:
Námstilhögun:
Það eru fjórar fastar kennslustundir í áfanganum í hverri viku og er skyldumæting í þær allar. Allar verklýsingar koma fram í Moodle, sem og skilafrestir, skilakassar fyrir verkefni. Kennari leggur inn hvert efni, bæði í kennslustund og á Moodle en nemendur vinna verkefni einir og í hópum. Námskeiðið fer fram sem staðkennsla (David er í Grundarfirði einu sinni í viku) og á “Teams”, alltaf skyldumæting fyrir dagskólanemendur. Nemendur verða einnig beðnir um að mæta saman í kennsluhúsnæði/kennslurými sem er til að afnota í FSN þegar kennsla fer fram á “Teams”. Námskeiðið er byggt á leiðsagnarmati. Það eru 10 verkefni auk tveggja skólaferða sem gilda saman 10% í námsmati (samtals 20%). Skólaferðirnar eru ekki á vegum skólans (hver og einn nemandi borga fyrir sig og sækir svo um styrk í gegnum FSN varðandi bensín og aðgang að þeim stofnunum sem verða heimsóttar). Báðar ferðir eru áætlaðar til Reykjavíkur (sjá kennsluáætlun til að sjá dagsetningar). Þeir fjarnendur og þeir sem vilja/geta ekki tekið þátt í ferðunum, fá verkefni í staðinn sem birtast með fyrirvara á Moodle. Símanotkun er bönnuð á kennslutíma!
Um skilafrest og vanskil:
Skilakassar loka kl. 23:59 á föstudögum og ekki er gefinn neinn frestur á verkefnaskilum. Aðeins skólameistari getur gefið leyfi fyrir seinum verkefnaskilum í sérstökum tilfellum.
Um próf:

Námsmat í þessum áfanga er leiðsagnarmat, en það felst í stöðugri leiðsögn til nemenda á önninni, þar sem þeir hafa tækifæri til að bæta vinnu sína til að auka framfarir. Ekkert eiginlegt lokapróf eða próf er í áfanganum, en verkefni, ástundun og vinna nemenda er metinn til lokaeinkunnar.

Áætluð Yfirferð

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð	Skil á verkefnum/kannanir
33. vika 13.-19. ágúst 14. sept. Stundatöflubirting 17. sept. Fyrsti kennsludagur	KYNNING Á NÁMSKEIÐI	
34. vika 20.-26. ágúst	Miðaldir I Landnámsöld um 870–930 Söguöld 930–1030 Íslenska kirkjan í elstu tíð 1030–1152	Tímaverkefni 1 (A eða B) Lesi og taka upp Upptaka. Veldu 3 lesefni af eftirfarandi lista: Hávamál, Landnámabók, Íslendingabók Árna Magnússonar, Völuspá, Snorra-Edda, Heimskringla. Lestu inn upptöku í 2,5 mínútur í einhverri af þeim. (3 * 2,5 = 7 mín.) Lesi og kynna. Upptaka. Veldu lesefni úr eftirfarandi lista hér fyrir neðan. Lestu og taktu upp í 2,5 mínútur af því lesefni. Síðan skaltu bæta við að minnsta 2,5 mínútum þar sem þú fjallar um það sem þú last. Til dæmis hvaða spurningar vöknðu hjá þér, helstu atriði úr lesefninu, viðhengi, aðalatburður og fleira.
35. vika	Miðaldir II	Tímaverkefni 2 Lesi og kynna. Upptaka.

27. ág. – 2. sept. 28. ágúst. Töflubreytingum lýkur. 1. sept. Úrsögn úr áfanga lýkur	Sturlungaöld 1152–1262	Veldu lesefni úr eftirfarandi lista hér fyrir neðan. Lestu og taktu upp í 2,5 mínútur af því lesefni. Síðan skaltu bæta við að minnsta 2,5 mínútum þar sem þú fjallar um það sem þú last. Til dæmis hvaða spurningar vöknðu hjá þér, helstu atriði úr lesefninu, viðhengi, aðalatburður og fleira.
36. vika 3. – 9. sept.	Miðaldir III Ísland undir stjórn Noregskonunga og uppgangur kennimanna 1262–1400 Kirkjuvald 1400–1550	Tímaverkefni 3 Valkostir. Til umræðu er val á milli eftirtalinna atriða: a. Rannsaka og finna útgáfu af íslenskri fornsögu sem hefur verið eindursögð fyrir börn (styttri útgáfa og á nútíma íslensku). Komdu til okkar að lesa upphátt í 15 mínútur fyrir leikskólakrakka. b. Búðu til sögu úreinhverri sögunni sem er á listunum sem voru í fyrri viku. Skrifaðu niður 750 orða sögu með áherslu á einni persónu og segðu í sögunni hvernig hún tengjst þér. Þetta felst í því að búa til einhverja sögu út frá sögu sem var lesin í fyrri viku. Sagan þarf að vera í 750 orðum, með áherslu á einhverja eina persónu,

		og þú átt að leggja áherslu á hvernig þessi persóna tengist þér. c. Jónsbók umræð c. Hvað ef verkefni
37. vika 10. – 16. sept.	Nýaldir Undir útlendri stjórn 1262 – um 1800 (Konungsvald 1550–1683 Einveldi og einokun 1683–1800). Líf í sveitum og borgum; Ríki og þegnar. Upplýsingin	Tímaverkefni 4 Könnun um læsi. Gerðu könnun um hversu mikið, hvernig, hvað, og hversu oft fólk er að lesa. Búðu til spurningar um til dæmis hvaða tegund (hljóðbækur, rafrænt), hámarks tíma sem fólk fær til að lesa, tíma dagsins sem það notar til lesturs... og fleira. Spurningarnar geta verið fjölbreyttar, til dæmis já/nei spurningar eða opnar spurningar... Leggðu fram gögn og dragðu svo niðurstöður úr könnuninni saman í skýrslu.
38. vika 17. – 23. sept. 18. – 21. sept. Framhaldsdeild í FSN. 22. sept. Námsmatsdagur	ÞEMADAGAR NÁMSMATS DAGAR	
39. vika 24. – 30. sept. 25. sept. Námsmatsdagur	UPPRUNI NÚTÍMANS 1	Tímaverkefni 5 Verkefni úr “Uppruni nútímans” Kennslubók í Íslandssögu eftir 1830 (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson)
40. vika 1. – 7. okt.	UPPRUNI NÚTÍMANS 2	Tímaverkefni 6 Verkefni úr “Uppruni nútímans” Kennslubók í Íslandssögu eftir 1830

		(Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson)
41. vika 8. – 14. okt. 9. okt. Valtímabil hefst	UPPRUNI NÚTÍMANS 3	Tímaverkefni 7 Verkefni úr “Uppruni nútímans” Kennslubók í Íslandssögu eftir 1830 (Bragi Guðmundsson og Gunnar Karlsson)
42. vika 15. - 21. okt. 21. okt. Fyrsti vetrardagur	LÍST OG MENNING BÓKMENTAVIKA SJÚKRAVERKEFNATÍMA	Ekki verkefni í þessari viku: “List og menning í sögu Íslands, XIX / XX” með áherslu á Kjarval, H. Laxness og Jón Leifs
43. vika 22. – 28. okt. 23. – 26. okt. Framhaldsdeild í FSN. 27. okt. Námsmatsdagur	Nemendaferð 1: Þjóðminjasafn Íslands/ Landbókasafn Íslands / Árbæjarsafn - Borgar-sögusafn Reykjavíkur (7,5%)	Nemendur verða metnir einungis eftir þátttöku (mætingu) Þeir fjarnendur og þeir sem vilja/geta ekki tekið þátt í ferðunum, fá verkefni í staðinn sem birtast með fyrirvara á Moodle.
44. vika 29. okt. – 4. nóv. 30. okt. Námsmatsdagur 31. okt. Haustfrí	HAUSTFRÍ NÁMSMATSDAGAR VIÐTALSTÍMA	
45. vika 5. – 11. nóv. 1. nóv. Haustfrí	Ísland á 20. Öld 1 Ísland og fyrri heimsstyrjöldin; árin milli stríða 1914-1936	Tímaverkefni 8 Upptaka Saga eldri borgara. Taktu ítarlegt 2,5 mínútna viðtal við ömmu, afa eða aðra eldri borgara. Búðu til spurningar og hlustaðu á hvar þau hafa að segja (og læru af því). Þú verður að fá leyfi hjá þeim til að taka viðtalið upp eða glósa niður

		svörin sem þú fékkst eða mannst, eftir að hafa farið í viðtölin.
46. vika 12. – 18. nóv. 16. nóv. Dagur íslenskrar tungu	Ísland á 20. Öld 2 Seinni heimsstyrjöld á Íslandi Lýðveldi Íslands 1944	Tímaverkefni 9 Rannsókn Leiðsögumaður á sögustöðum. Rannsakaðu (þá má nota almanak, annál o. fl. í bókasafninu) sögu þíns bæjar, og skrifaðu niður 750 orð sem gætu verið eins og handrit fyrir þig sem leiðsögumann/konu.
47. vika 19. – 25. nóv.	Ísland á 20. Öld 3 Kalda stríðið á Íslandi	Tímaverkefni 10 Ritgerð Saga fjölskyldu með áherslu á konur. Veldu söguhetju og búðu til sögu fjölskyldu byggða á upplýsingum sem ýmsar kynslóðir hafa sagt þér (amma/mamma / systir). Að minnsta kosti 750 orð. Leiktu þér með aðalatburðinn, hvaða breytingar, afleiðingar, orsakir og framkvæmdir hafa orðið. Reyndu að skoða hvernig rithöfundar, sem þú hefur lesið hingað til, hafa byggt upp sögur sínar."
48. vika 26. nóv. – 2. des.		
49. vika 3. – 9. des. 4. – 7. des. Framhaldsdeild í FSN.	Nemendaferð 2: Kvikmyndasafn Íslands. Listasafn Íslands (eða Ljósmyndasafn Reykjavíkur). Heimsókn í fyrirtæki (Prentsmiðja)	Nemendur verða metnir einungis eftir þátttöku (mætingu) Þeir fjarnendur og þeir sem vilja/geta ekki tekið þátt í ferðunum, fá verkefni í staðinn sem birtast með fyrirvara á Moodle.

50. vika 10. – 16. des. 14. des. Síðasti kennsludagur 15. des. Námsmats	SJÚKRAVERKEFNI	
51. vika 17. – 23. des.	Námsmat 20. desember - Útskrift	

*Birt með fyrirvara um breytingar
kennari*